

## Árangursstjórnunarsamningar við menningarstofnanir

[Menntamálaráðherra](#) undirritaði árangursstjórnunarsamninga [menntamálaráðuneytis](#) við menningarstofnanir, sem undir það heyrta, í Þjóðmenningarhúsinu 29. desember 2005. Um var að ræða eftirtaldir stofnanir sem eru í A-hluta fjárlaga:

- [Blindrabókasafn Íslands](#)
- [Fornleifavernd ríkisins](#)
- [Húsafríðunarnefnd](#)
- [Íslenska dansflokkinn](#)
- [Kvikmyndasafn Íslands](#)
- [Kvikmyndamiðstöð Íslands](#)
- [Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn](#)
- [Listasafn Einars Jónssonar](#)
- [Listasafn Íslands](#)
- [Þjóðleikhúsið](#)
- [Þjóðminjasafn Íslands](#)
- [Þjóðskjalasafn Íslands](#)



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra undirritar árangursstjórnunarsamninga við menningarstofnanir sem heyrta undir menntamálaráðuneyti í Þjóðmenningarhúsinu hinn 29. desember 2005.

Í B-hluta fjárlaga eru [Ríkisútvarpið](#) og [Sinfóníuhljómsveit Íslands](#) og stefnt er að samningsgerð við þær stofnanir síðar.

Tilgangur árangursstjórnunarsamninganna er að festa í sessi ákveðið samskiptaferli milli ráðuneytisins og stofnananna, auk

þess að draga fram áherslur í stefnu og áætlunum þeirra. Í samningunum er kveðið á um gagnkvæmar skyldur samningsaðila vegna þeirra verkefna sem stofnunum hafa verið falin. Þá eru í samningunum ákvæði er lúta að starfsmannastefnu, jafnréttismálum, aðgengi að stofnununum og upplýsingamálum.

Samningarnir breyta ekki ábyrgð ráðherra gagnvart Alþingi á starfsemi stofnananna eða þeim stjórnisýsluskyldum sem þeim eru ætlaðar lögum samkvæmt.

Ráðuneytið telur mikilvægt að gera samninga af þessu tagi og hefur þegar góða reynslu af þeim. Þeir auka skilvirkni í starfsemi stofnana og tryggja að samskipti þeirra við ráðuneytið séu með reglubundnum hætti. Hægt er að nálgast samningana á vef [menntamálaráðuneytis](#).

## Breytt námsskipan til stúdentsprófs

Að undanfögnu hefur staðið yfir í [menntamálaráðuneyti](#) vinna við undirbúning að breyttri námsskipan til stúdentsprófs. Til þess að hafa umsjón með verkinu var í upphafi árs 2005 skipuð verkefnisstjórn í ráðuneytinu og ráðgjafarnefnd frá aðilum utan þess. Þá var hafin vinna við endurskoðun aðalnámskráa bæði fyrir grunn- og framhaldsskóla. Þar var lögð mikil áhersla á samfellu í skólastarfi og unnu sömu starfshóparnir námskráartillögur bæði fyrir grunn- og framhaldsskóla. Í öllum hópunum störfuðu grunn- og framhaldsskólakennarar saman og í mörgum þeirra voru einnig aðilar frá háskólastiginu.

Vonast er til að með þessu móti verði meiri samfella í námsefni og kennsluháttum milli skólastiga en verið hefur. Starfshóparnir skiluðu tillögum sínum til ráðuneytisins í ágúst 2005 og nú liggja fyrir drög að námskrám bæði fyrir grunn- og framhaldsskóla.

Námskrádrögin sem nú eru birt á vefnum [namsskipan.is](#) hafa verið yfirfarin í ráðuneytinu eftir að starfshóparnir luku starfi sínu og eru lögð fram sem drög til kynningar og athugasemda. Vonast er eftir því að kennarar og aðrir sem láta sig skólastarfar varða sendi athugasemdir og ábendingar varðandi námskránnar til ráðuneytisins fyrir 28. janúar 2006. Athugasemdir og ábendingar má senda



skriflega til ráðuneytisins eða á netfangið [namsskipan@mrn.stjr.is](mailto:namsskipan@mrn.stjr.is).

## Úttekt á stöðu og virkni foreldraráða í grunnskólum

Í byrjun árs 2004 óskaði [Heimili og skóli](#) eftir því að [menntamálaráðuneyti](#) gerði úttekt á stöðu og virkni foreldraráða við grunnskóla landsins. Árið 1996 gerði ráðuneytið könnun meðal skólastjóra um stofnun og starfsemi foreldraráða. Í ljósi ábendinga frá samtökunum og að tíu ár eru frá því að ákvæði um foreldraráð tók gildi í lögum um grunnskóla nr. 66/1995 þótti tímabært að kanna aftur reynsluna af starfsemi þeirra.

Ákvæði um foreldraráð voru nýjung árið 1995 en í 16. gr. [lagu um grunnskóla nr. 66/1995](#) er ákvæði þess efnis að foreldraráð skuli starfa við hvern skóla og skólastjóri beri ábyrgð á stofnun þess. Foreldraráð eiga að veita skóla og skólanefnd umsagnir um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða skólahaldið, fylgjast með að áætlanir séu kynntar foreldrum og með framkvæmd þeirra.

Tilgangur upplýsingaöflunar um foreldraráð var að kanna starfsemi foreldraráða og reynsluna af þeim. Jafnframt að fá fram

viðhorf skólastjóra og formanna foreldraráða til þess lagaákvæðis sem nú gildir um starfsemi foreldraráða og hvort breytinga sé þörf. Upplýsinga um starfsemi foreldraráða var aflað með spurningalistum sem voru sendir rafrænt annars vegar til skólastjóra í desember 2004 og hins vegar til formanna foreldraráða um miðjan janúar 2005. Skýrsluna má finna á vef [menntamálaráðuneytis](#).

## Evrópskar skólastofnanir



Eurydice, upplýsinganet um menntamál í Evrópu, hefur á undanfögnu árum gefið út í fjórum bindum ritið „European Glossary on Education“. Um er að ræða uppflettirit um ýmsa þætti menntamála, s.s. prófgráður, menntastofnanir og kennslustörf.

Eurydice hefur nýlega sent frá sér endurskoðaða útgáfu af öðru hefti fyrrnefndrar ritraðar: „Educational Institutions“. Ritið skiptist í tvo meginhluta. Annars vegar er um að ræða lista í stafrófsröð yfir tegundir menntastofnana í Evrópu á frummáli og hins vegar yfirlit yfir skólategundir á öllum skólastigum, raðað eftir löndum. Ritið „European Glossary on Education: Volume 2 - Educational Institutions“ má nálgast á vef [Eurydice](#).

